

Nr. 152 / 13 Tjaldanes GK 525**Vélabilun og dregið til hafnar**

Skipaskr.nr. 0239 IMO nr. 6410128
Smíðaður: Florö Noregi 1964, stál
Stærð: 196 brl. 290 bt.
Mesta lengd: 34,09 m Skráð lengd: 30,10 m
Breidd: 7,20 m Dýpt: 6,15 m
Vél: Mirrlees. Blackstone 486 kW, 1979
Fjöldi skipverja: 9

Gögn:
Gögn RNSA



Tjaldanes©Hilmar Snorrason

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 6. október 2014 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrason og Pálma K. Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 20. október 2013 var Tjaldanes GK 525 á netaveiðum austast í Nesdýpi. Veður: Logn.

Meðan skipið var að veiðum bilaði kælivatnsdæla annarrar ljósavélar skipsins svo ekkert rafmagn var á aðal rafmagnsneti þess. Haldið var til hafnar en þegar loftþrýstingur á kúplingu í skrúfugírnum féll hélt kúplingin illa og slúðraði þar sem ekki var hægt að dæla upp lofti.

Til að forða skemmdum óskaði skipstjóri eftir aðstoð þegar stutt var eftir í Önundafjörð og björgunarskipið Gunnar Friðriksson dró Tjaldanesið inn til Flateyrar.

Við rannsókn kom fram:

- að í skipinu voru tvær ljósavélar og var önnur af Cummins gerð en hin Caterpillar;
- að sögn yfirvélstjórans hafði Cummins ljósavélin bilað tveimur dögum áður en ekki var hægt að gera við hana þar sem bilanalesa þurfti af „stjórntölvu“ vélarinnar en enginn tölvubúnaður var til þess um borð;
- að þegar Caterpillarávélin bilað voru ekki til varahlutir um borð í dæluna og ekki var hægt að flytja vatnskælidælur á milli véla;
- að ekki var hægt að dæla upp loftþrýstingi fyrir stjórnubúnaðinn þar sem loftþjappan var rafdrifin;
- að sögn núverandi yfirvélstjóra var stjórntölva Cummins vélarinnar biluð og send á verkstæði en vélin keyrð framhjá án rafeindastjórnubúnaðar um tíma.

Nefndarálit:

Orsök þess að skipið varð vélavana var bilun í kælivatnsdælu.